

veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim skal hann sæta sektum enda liggja eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

## 7. gr.

3. mgr. 43. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlandis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi eða þau hafa selt hingað til lands.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Endurgreiðsla skv. 7. gr. er þó heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

### um tímabundna lækkun tolls af bensíni.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka toll á bensíni sem flokkast í tnr. 2710.0012 og 2710.0019 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, úr 50% í allt að 30%.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að lækkun tolls skuli gilda vegna innflutnings frá 6. október 1990 og vegna birgða sem til voru í landinu á þeim tíma.

## 2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað og skulu gilda til 28. febrúar 1991.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*